

Reglugerð um framleiðslu og markaðssetningu aðila undir smáræðismörkum á matvælum og afhendingu frumframleiðenda á litlu magni matvæla beint til neytenda og staðbundinna smásölufyrirtækja.

1. gr. Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að afmarka þær skyldur sem gerðar eru til aðila undir smáræðismörkum og frumframleiðenda, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

2. gr. Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um:

1. Framleiðslu og markaðssetningu aðila undir smáræðismörkum á matvælum, þ.e. þar sem starfsemin er ekki samfelld heldur tilfallandi, lýtur ekki sérstöku skipulagi og er ekki rekin í eigin hagnaðarskyni og,
2. afhendingu frumframleiðenda á frumframleiðsluvörum úr jurtaríkinu, að undanskildum bauna- og fræspírum, sem framleiddar eru í litlu magni og markaðssettar beint til neytenda eða til staðbundins smásölufyrirtækis sem afhendir matvæli beint til neytenda og,
3. afhendingu frumframleiðenda, á ræktuðum og villtum frumframleiðsluvörum úr jurtaríkinu, að undanskildum bauna- og fræspírum, og óunnum afurðum sem fengnar eru með dýra- eða fiskveiðum, að undanskildu hreindýrakjöti og skeldýrum, þ.m.t. kræklingi, enda sé starfsemin ekki samfelld heldur tilfallandi og lúti ekki sérstöku skipulagi.
4. Afhendingu frumframleiðenda á eggjum frá allt að 100 alifuglum, eða á eggjum allt að 1.600 kg á ári og dreifa þeim heilum og óunnum beint til neytenda.
5. Afhendingu veiðimanns á hreindýrakjöti af einu dýri beint til neytenda eða til smásölufyrirtækis sem afhendir beint til neytenda, sbr. 7. gr. a.
6. Afhendingu Umhverfisstofnunar á hreindýrakjöti beint til neytenda eða til smásölufyrirtækis sem afhendir beint til neytenda, sbr. 7. gr. a.

Ákvæði reglugerða nr. 103/2010 um hollustuhætti sem varða matvæli og nr. 104/2010 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu gilda ekki um starfsemi sem fellur undir reglugerð þessa.

Þá gilda ákvæði laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, ekki um starfsemina, nema að því leyti sem ákveðið er í reglugerð þessari.

3. gr. Orðskýringar.

Merking orða í reglugerðinni er sem hér segir:

Frumframleiðsla: Framleiðsla, eldi eða ræktun undirstöðuafurða ásamt uppskeru, mjóltum og framleiðslu eldisdýra fram að slátrun. Frumframleiðsla tekur einnig til dýra- og fiskveiða og nýtingar villigróðurs.

Neytandi: Neytandi matvæla sem notar matvæli ekki sem lið í rekstri eða starfsemi matvælafyrirtækis.

Staðbundið smásölufyrirtæki: Með staðbundnu smásölufyrirtæki er átt við fyrirtæki sem afhendir matvæli beint til neytenda og er ekki í meira en 50 km fjarlægð frá frumframleiðenda.

Lítill magn: Með litlu magni er átt við að afhending frumframleiðandans á matvælum úr jurtaríkinu telst vera aukastarfsemi hjá hlutaðeigandi og smávægileg samanborin við aðra starfsemi sem á sér stað hjá

framleiðandanum.

Óunnar afurðir: Með óunnum afurðum er átt við að dýrin/afurðirnar hafi ekki verið fláð, reitt, eða að búið sé að taka innnyflin úr þeim, þó á þetta ekki við um slægingu á fiski. Sama á við um afurðir sem ekki er búið að stykkja, hluta sundur, sneiða, úrbeina, hakka, mylja, skera, afhýða, mala og frysta eða afurðir þar sem ekki er búið að vinna afurðirnar með einhverjum þeim hætti að það hefur í för með sér umtalsverða breytingu á upphaflegu afurðinni, þ.m.t. hitun, reyking, söltun, þroskun, þurrkun, kryddlagning, úrdráttur eða þrýstímótun eða samsetning þessara aðgerða.

Alifuglar: Aldir fuglar, þ.m.t. fuglar sem ekki eru taldir til húsdýra en eru aldir sem húsdýr.

Heil egg: Egg með óbrotna skurn.

Óunnin egg: Egg alifugla í skurn sem ekki hafa verið þvegin eða meðhöndluð á annan hátt.

Veiðileyfisnúmer: Númerað veiðileyfi sem hver hreindýraveiðimaður sem hefur fengið úthlutað leyfi til hreindýraveiða fær afhent frá Umhverfisstofnun.

4. gr.

Matvælaöryggi, framleiðsla og markaðssetning.

Aðilar undir smáræðismörkum og frumframleiðendur, sem reglugerð þessi nær til, skulu tryggja að matvæli sem þeir framleiða og markaðssetja séu örugg og ekki heilsuspillandi eða óhæf til neyslu. Við ákvörðun um hvað teljist ekki örugg, þ.e. heilsuspillandi eða óhæf matvæli til neyslu skal hafa hliðsjón af 8. gr. a. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

Aðilar undir smáræðismörkum og frumframleiðendur, sem reglugerð þessi nær til, skulu haga starfsemi sinni í samræmi við meginreglur um almenna hollustuhætti og tryggja að matvæli óhreinkist ekki eða spillist á annan hátt. Matvælin skal geyma þannig að þau verði ekki fyrir skemmdum eða spillist á annan hátt. Tilgreindum aðilum ber að tryggja með eigin eftirliti að starfsemi þeirra sé í samræmi við reglugerð þessa.

Óheimilt er að hafa matvæli á boðstólum eða dreifa þeim þannig að þau blekki neytendur að því er varðar uppruna, tegund, gæðaflokkun, samsetningu, magn, eðli eða áhrif.

Matvælastofnun er heimilt að gefa út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur varðandi sjúkdóma, hollustuhætti, efnainnihald, viðmiðunarmörk fyrir örverur, merkingar og umbúðir sem aðilum undir smáræðismörkum og frumframleiðendum, sem reglugerð þessi nær til, ber að fylgja.

5. gr.

Innköllun og rekjanleiki.

Ef aðilar undir smáræðismörkum eða frumframleiðendur, sem reglugerð þessi nær til, álíta eða hafa ástæðu til að álíta að matvæli, sem þeir hafa framleitt eða markaðsett, séu ekki í samræmi við kröfur um öryggi matvæla, sbr. 4. gr., skulu þeir tafarlaust gera ráðstafanir til að taka umrædd matvæli af markaði og tilkynna það hlutaðeigandi opinberum eftirlitsaðila. Ef matvælin eru komin í hendur neytenda skulu þeir upplýsa á skilvirkan og nákvæman hátt um ástæður þess að matvælin eru tekin af markaði og, ef nauðsyn krefur, að innkalla matvælin sem þegar hafa verið afhent neytendum ef aðrar ráðstafanir nægja ekki til að tryggja víðtæka heilsuvernd.

Þegar við á skal vera fyrir hendi möguleiki til að rekja feril matvæla, þ.e. að hægt sé að tilgreina hvaðan matvæli eru fengin og til hvaða fyrirtækja þau eru afhent.

6. gr.

Leyfisveitingar.

Aðilar undir smáræðismörkum og frumframleiðendur, sem falla undir reglugerð þessa, þurfa ekki leyfi, skv. 9. og 20. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, til að framleiða og markaðssetja matvæli

sem reglugerð þessi nær til.

7. gr.

Matvælaeftirlit, varúðarráðstafanir, þvingunarúrræði og valdsvið.

Þrátt fyrir að ekki sé gert ráð fyrir almennu reglubundnu matvælaeftirliti með aðilum undir smáræðismörkum og frumframleiðendum, sem falla undir reglugerð þessa, er eftirlitsaðilum heimilt að sinna eftirliti ef nauðsyn krefur og fer það þá fram skv. IX. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli. Um varúðarráðstafanir, þvingunarúrræði og valdsvið eftirlitsaðila fer skv. XI. kafla sömu laga.

7. gr. a.

Meðferð og ráðstöfun hreindýrakjöts.

Veiðimanni er heimilt að afhenda kjöt af einu hreindýri á ári beint til neytenda eða til smásölufyrirtækis sem afhendir beint til neytenda.

Umhverfisstofnun er heimilt að afhenda að hámarki 1.500 kg. af hreindýrakjöti af dýrum frá hverju veiðitímabili, sem falla eða eru felld vegna slysaskota eða sem stofnunin lætur veiða í samræmi við reglugerð um stjórn hreindýraveiða, beint til neytenda eða til smásölufyrirtækis sem afhendir beint til neytenda.

Eftir að hreindýr hefur verið fellt skal strax taka úr því öll innfli og blóðtæma það. Kæling skal hefjast eins fljótt og kostur er og skal kjötið kælt þannig að hitastig kjötsins verði alls staðar 7°C eða lægra. Ekki þarf að grípa til sérstakrar kælingar ef veðurfarsskilyrði gera það óþarft.

Áður en dýrið er afhent skal það flegið. Veiðimanni er ekki heimilt að hluta það meira niður en í átta parta, þ.e. í fram- og afturparta, hrygg og síður. Óheimilt er að afhenda kjöt sem hefur verið úrbeinað eða meðhöndlað frekar. Veiðileyfisnúmer skal fylgja hverju dýri eða hluta dýrs og skal móttakandi hreindýrakjöts halda skrá yfir þau dýr eða hluta dýrs sem unnin eru eða seld.

Smásölufyrirtæki sem tekur á móti og selur hreindýrakjöt samkvæmt reglugerð þessari skal upplýsa kaupendur/neytendur um að kjötið komi beint frá veiðimanni án opinberrar skoðunar í starfsstöð.

8. gr.

Viðurlög.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið skv. lögum um meðferð sakamála.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.